

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 278/2014**

2015/EES/71/25

frá 12. desember 2014

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/84/ESB frá 30. júní 2014 um breytingu á viðbæti A í II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga að því er varðar nikkel⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB) í XXIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32014 L 0084**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/84/ESB frá 30. júní 2014 (Stjtið. ESB L 192, 1.7.2014, bls. 49).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/84/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 192, 1.7.2014, bls. 49.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.